

Skólaráðsfundur

FUNDARGERÐ	Tílefni fundar Þriðji fundur skólaráðs		
Dags. fundar 10. febrúar 2015	Tími (08:10 – 10:30)	Staður Skólastjórnaskrifstofa, Hjalla	Nr. fundar 3
Fundarboðandi Sigrún B.	Fundarritari Sigrún Guðm.	Fundarstjóri Sigrún B.	Fj. bls. 1

Boðaðir voru: Sigrún Bjarnadóttir, Anna Guðný Björnsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Hrafnhildur Pálsdóttir, Selma Guðmundsdóttir, Hólmfríður Einarsdóttir, Ragnar Gíslason, Birna Særós Sigurbergisdóttir, María Kristín Jóhannsdóttir.
Mættir voru: Allir mættir
Málefni fundar: 1. Skólapúlsinn 2. Stefnumótun dægradvalar 3. Framkvæmdir 4. Fjárhagsúthlutun 5. Önnur mál

Málefni	Niðurstaða
1. Skólapúlsinn	Niðurstöður úr Skólapúlsi kynntar en þær birtast ca 1x í mánuði. Allir nemendur í 6.-10. bekk taka þátt. Hægt er að sjá niðurstöður hjá hverjum árgangi fyrir sig. Hlustað er á þær raddir sem koma fram. Mælumst neðarlega varðandi tíðni eineltis, sem er mjög gott.
2. Stefnumótun dægradvalar.	Kynnt voru drög þar sem stærstu breytingarnar eru að dægradvölin verður hluti af stafi grunnskólanna. Nýtt að fá stefnu og markmið varðandi dægradvalirnar. Sumardvöl er komin til að vera en hún byrjar 10. ágúst. Stefnt er að því að fá fleira fagmenntað fólk og að allir starfsmenn fari á námskeið. Foreldrafulltrúar komu því á framfæri að upplýsingaflæði frá dægradvöl til foreldra væri ábótavant eins og t.d. varðandi hópstjóra barnanna. Fundarmenn voru beðnir að koma með athugasemdir hvað væri gott/slæmt í drögunum, allar ábendingar vel þegar.
3. Framkvæmdir	Rætt síðar en fundur verður á fimmtudaginn með Kópavogsbæ.
4. Fjárhagsúthlutun	Frá því fyrst í haust voru 170 börn í dægradvöl – 15 börn per starfsmann. Svo mikill fjöldi kallar á rétt til staðgengils forstöðumanns, auka stöðugildi. Aukaúthlutun fyrir börn með sérþarfir. 1/2 staða á bókasafni. Skiptistundum fjölgað um 1 per árgang.
5. Önnur mál	Foreldrafulltrúar sögðu frá fundi félagsins sem var mjög vel sóttur. Umræður um aðstæður barnanna til að geyma útiföt sérstaklega á ganginum hjá 2. bekk vantar hólf. Foreldrar óánægðir með að fá heim hálfkláraðar bækur að vori, vilja fá þær fyrr eða reglulega heim. Ósk um að fá senda heim hópaskiptingu barnanna frá verkgreinakerfum. Athuga með kynningu fyrir foreldra og nemendur í 5. og 8. bekk sem á að vera að hausti hvort sú kynning hafi fallið niður.